

Mál nr. 255/2017

**A f.h. ófjárráða dóttur sinnar M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.**

Líkamstjón vegna falls við fasteign 24. júlí 2015.**Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttekið 3.8.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 6.9.2017, ásamt fylgiskjölum.

Tölvupóstur lögmanns V dags. 13.10.2017 sem var svar við fyrirspurn nefndarinnar um hvort frekari lögregluskýrslur væru tiltækar en fylgdu með málskoti, sem reyndist ekki vera.

Málsatvik.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að dóttir M hafi fallið niður í loftræstiop við húseign X. Í bréfi V dags. 6. september 2017 eru tekin af öll tvímæli um að V sannað að dóttir M hafi fallið þar niður. Um tveggja metra fall var að ræða og hlaut dóttir M nokkuð höfuðhögg við fallið. Ágreiningur er um skaðabótaskyldu X vegna líkamstjóns sem dóttir M hlaut við umrætt fall.

M telur að fasteign X hafi verið vanbúin þar sem festingar á járngrind, sem var yfir umræddu loftræstiopi, hafi ekki verið nógu traustar. M vísar til þess að ríkar skyldur hvíli á eigendum og umráðamönnum fasteigna að umbúnaður þeirra sé í lagi, sérstaklega þar sem má vænta umferðar barna. M telur að viðhald hafi verið vanrækt á fasteigninni og X hafi ekki brugðist við þeim aðstæðum sem hafi komið upp við loftræstiopið, hvort sem þar hafi verið um að ræða skemmdarverk eða annað.

V telur að M beri sönnunarbyrði um að fasteign X hafi verið vanbúin eða að X hafi vanrækt viðhald hennar. V telur að unnin hafi verið skemmdarverk á festingum loftræstiopsins og X hafi ekki vitað af því þegar dóttir M slasaðist og geti því ekki borið skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjóns hennar.

Álit.

Af gögnum málsins má ráða að dóttir M hafi fallið niður um tvo metra í loftræstiop við fasteign X. Járngrind sem átti að vera yfir umræddu opi virðist hafa gefið sig vegna ónógra festinga. Ekki verður talið sannað af gögnum málsins að forsvarsmönnum eða starfsmönnum á vegum X hafi verið kunnugt um að festingar járngrindarinnar hafi verið brotnar eða ófullnægjandi. Ekki verður heldur séð að þeim hefði átt að vera það ljóst. Hallann af þeim sönnunarskorti ber M. Verður því, m.v. þau gögn sem liggja fyrir nefndinni, ekki fallist á að X beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjóns dóttur M og því er ekki fyrir hendi greiðsluskylda úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 24. október 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.